

Nd. 368. Frumvarp til stjórnarskipunarlags [144. mál]

um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands 17. júní 1944.

Flm.: Ólafur Thors, Emil Jónsson, Einar Olgeirsson.

1. gr.

31. gr. stjórnarskrárinnar orðist svo:

Á Alþingi eiga sæti 60 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegum kosningum, þar af:

- a. 25 þingmenn kosnir hlutbundinni kosningu í 5 fimm manna kjördæmum:
 - Vesturlandskjördæmi: Borgarfjarðarsýsla, Akraneskaupstaður, Mýrasýsla, Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla og Dalasýsla.
 - Vestfjarðakjördæmi: Barðastrandarsýsla, Vestur-Ísafjarðarsýsla, Ísafjarðarkaupstaður, Norður-Ísafjarðarsýsla, Strandasýsla.
 - Norðurlandskjördæmi vestra: Vestur-Húnavatnssýsla, Austur-Húnavatnssýsla, Skagafjarðarsýsla, Sauðárkrókskaupstaður og Siglufjarðarkaupstaður.
 - Austurlandskjördæmi: Norður-Múlasýsla, Seyðisfjarðarkaupstaður, Suður-Múlasýsla, Neskaupstaður og Austur-Skaftafellssýsla.
 - Reykjaneskjördæmi: Gullbringu- og Kjósarsýsla, Hafnarfjarðarkaupstaður, Keflavíkurkaupstaður og Kópavogskaupstaður.
 - b. 12 þingmenn kosnir hlutbundinni kosningu í 2 sex manna kjördæmum:
 - Norðurlandskjördæmi eystra: Eyjafjarðarsýsla, Akureyrarkaupstaður, Ólafsfjarðarkaupstaður, Suður-Þingeyjarsýsla, Húsavíkurkaupstaður og Norður-Þingeyjarsýsla.
 - Suðurlandskjördæmi: Vestur-Skaftafellssýsla, Vestmannaeyjakaupstaður, Rangárvallasýsla og Árnessýsla.
 - c. 12 þingmenn kosnir hlutbundinni kosningu í Reykjavík.
 - d. 11 landskjörnir þingmenn til jöfnunar milli þingflokka, svo að hver þeirra hafi þingsæti í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölu sína við almennar kosningar.
- Þingmenn skulu kosnir til 4 ára. Á hverjum framboðslista skulu að jafnaði vera tvöfalt fleiri menn en kjósa á í því kjördæmi, og skulu varamenn, bæði fyrir kjördæmakosna þingmenn og landskjörna, vera svo margir sem til endist á listanum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

3. gr.

Ákvæði um stundarsakir.

Almennar kosningar til Alþingis skulu fara fram, þegar stjórnarskipunarlög þessi öðlast gildi, og falla umboð þingmanna niður á kjördegi.

Greinargerð.

Lengi hefur verið ljóst, að óhjákvæmilegt væri að taka til gagngerðrar endurskoðunar ákvæði stjórnarskrárinnar um kjördæmaskipun landsins, jafnhliða endurskoðun á ákvæðum laga um kosningar til Alþingis.

Kjördæmaskipunin hefur um langan aldur verið undirrót misréttis og ranglætis í íslenskum stjórnmálum og torveldað heilbrigða, lýðræðislega þróun í landinu.

Af og til hafa mikil átök orðið á Alþingi um kjördæmaskipunina og síðustu áratuginu verið gerðar á henni verulegar breytingar til bóta, en þó eigi svo gagngerar, að þær gætu til lengdar staðizt.

Nú hefur orðið samkomulag milli þriggja flokka þingsins, Sjálfstæðisflokksins, Alþýðuflokksins og Alþýðubandalagsins, um að flytja þetta frv. til l. um breyt. á stjórnarskipunarlögunum.

Aðalatriði þessarar stjórnarskrárbreytingar er, að Alþingi verði skipað í sem fyllstu samræmi við þjóðarviljann. Lagt er til, að landinu sé skipt í 8 stór kjördæmi og alls staðar hlutfallskosningar: Kjördæmi utan Reykjavíkur verði 7 með 5—6 þingmönnum, en þingmönnum í Reykjavík fjölgað í 12. Jafnframt verði 11 landskjörnir þingmenn til jöfnunar milli þingflokka, svo að hver þeirra hafi þingsæti í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölu sína við almennar kosningar. Það er megin-sjónarmið í frumvarpi þessu, að breytingarnar frá núverandi kjördæmaskipun fækki ekki þingmönnum dreifbýlisins í heild. Hefur þótt rétt að fjölga þingmönnum nokkuð til þess að geta fylgt þessari reglu. Leitast er við að hafa sem jafnasta atkvæðatölu að baki hvers þingmanns í strjálbýli, en nokkru fleiri atkvæði að baki hvers þingmanns í þéttbýlinu. Með þessu er reynt að varðveita sérstöðu strjálbýlisins í þjóðfélaginu, en taka þó tillit til jafnréttar fólksins í þéttbýlinu til áhrifa á skipan Alþingis.

Auk breytinganna á sjálfri kjördæmaskipuninni og tölu þingmanna er í frv. sú breyting frá því, sem áður var, að tala landskjörinna þingmanna er fastákveðin og ákvæðin um landslista felld burt.